SUÐRI

HÉRAÐSFRÉTTABLAÐ

2. tölublað
5. árgangur

— 7. FEBRÚAR 2019 —

Árnessýsla verði eitt sveitarfélag

Sveitarfélögin í Árnessýslu telja í dag 18.000 íbúa og yrðu með sameiningu í eitt, fjórða til sjötta fjölmennasta sveitarfélag landsins, nálægt sömu stærðar og Reykjanesbær og Akureyri," segir Tómas Ellert Tómasson, bæjarfulltrúi í Árborg í grein í Suðra í dag. „Við yrðum einnig betur í stakk búin til að sinna þeim verkefnum sem löggjafinn krefst af okkur. Að auki yrði til alvöru mótvægi við höfuðborgarsvæðið sem og að staða okkar yrði sterkari gagnvart ríkisvaldinu", segir Tómas Ellert, **sjá bls. 2.**

Sveitarfélögin og húsnæðismálin

Saumastofan á fjalirnar

Velkomin í Bakkastofu

Í vöflukaffi hjá Framsókn

Bls. 8-9

Framtak Blossi mun á næstu dögum flytja alla starfsemi sína að Vesturhrauni 1. Garðabæ.
Bjóðum alla viðskiptavini okkar velkomna

VOLVO PENTA

Sala á Volvo Penta varahlutum og viðgerðarþjónusta

FRAMTAK BLOSSI ehf
Dvergshöfða 27 - 110 Reykjavík
www.blossi.is - blossi@blossi.is

Tómas Ellert Tómasson, bæjarfulltrúi, skrifar:

Höfuðborgina heim

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

UPPBOÐ

Einnig birt á www.naudungarsolur.is.

Eftirtalin ökutæki verða boðin upp aftan við lögreglustöðina á Selfossi, Hörðuvöllum 1, 800 Selfossi föstudaginn 15. febrúar 2019 kl. 14.00, að því gefnu að gerðarbeiðandi færi þau á uppboðsstað.

Mitsubishi, Lancer, Árgerð 2000, fnr. VJ-476
Toyota, Corolla Verso, Árgerð 2008, fnr. RX-T32
Volkswagen, Golf, Árgerð 1991, fnr. JX-Y16
Opel, Astra-G-Caravan, Árgerð 2001, fnr. RA-517
Ford, Freetec 678 G/8, Árgerð 2006, fnr. LU-S48
Volkswagen, Transporter Kasten,
Árgerð 2005, fnr. VE-683
Nissan, Np300 Navara, Árgerð 2017, fnr. RB-Z32
Volkswagen, Polo, Árgerð 2011, fnr. SR-D61
Kawasaki, Kx450, Árgerð 2009, fnr. PP-U45
Goes, 450L, Árgerð 2017, fnr. FK-N70
Audi, Tt, Árgerð 2007, fnr. BY-374
Lexus, Is200, Árgerð 2000, fnr. VX-283
Citroen, Berlingo, Árgerð 2005, fnr. NH-717

Hvorki ávísanir né kreditkort eru tekin gild sem greiðsla, einungis debetkort, millifærsla eða reiðufé. Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi
1. febrúar 2019

Sú var tíðin í Árnessýslu að utanríkisverslun og viðskipti voru hvað mest hér á landi á strandlengjunni frá Ölfusá að Þjórsá, vestanverðum Eyrunum. Þangað lögðu úthafsskipin leið sína með varning til og frá landinu í margar aldir. Vegna hafnaraðstæðna þurftu skipin stundum að liggja fyrir utan Eyrarbakka heilu dagana og jafnvel svo vikum skipti og bíða af sér veður og brim svo mögulegt væri að sigla inn á Eyrarbakkahöfn. Eftir að skipin urðu stærri fóru þau að sigla fyrir Reykjanesið til Reykjavíkur (Kristjánsvíkur) hvar var betri hafnaraðstaða.

Biskupssetrið Skálholt sem var höfuðsetur mennta á Íslandi í aldir stundaði sína utanríkisverslun gegnum Eyrarbakka. Jarðskjálftarnir 1784 stuðluðu að því biskupssetrið og skólinn sem starfaði í um 800 ár voru flutt til Reykjavíkur. Í kjölfar þess, flytjast fleiri stofnanir til Reykjavíkur alls staðar að af landinu en Höfuðborg Íslands fékk sín kaupsstaðarréttindi árið 1786.

Á þessum tímum unnu langflestir íbúar landsins við landbúnað og sú var einnig raunin í Árnessýslu. Flóaáveitan sem tók fimm ár að framkvæma var ætlað að auka við uppskeru í Flóanum og mæta með því aukinni þörf á landbúnaðarafurðum. Áveitan sem er 300 km löng er mannlegt afrek og merki um samtakamátt íbúa svæðisins sem umbreytti Flóanum úr lélegustu sveitinni í Árnessýslu í þá blómlegustu.

Stækkum sveitarfélögin í Árnessýslu

Það dylst engum sú mikla íbúafjölgun sem hefur átt sér stað sums staðar á Suðurlandi á undanförnum árum og ekki hvað síst í áttunda fjölmennasta sveitarfélagi landsins, Svf. Árborg hvar íbúafjöldi í dag er orðinn rúmlega 9.500 manns.

Sveitarfélögin í Árnessýslu telja í dag 18.000 íbúa og yrðu með sameiningu í eitt, fjórða til sjötta fjölmennasta sveitarfélag landsins, nálægt sömu stærðar og Reykjanesbær og Akureyri. Með slíkri sameiningu yrði til sveitarfélag sem nær yfir heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði hvar betri yfirsýn næst yfir stefnumótun til framtíðar í hagsmunamálum svæðisins auk þess sem íbúarnir mynda samfélagslega heild. Það er alkunn staðreynd að skilvirkni í ákvarðanatöku eykst eftir því sem samstarfsverkefnum milli sveitarfélaga og þátttakendum í þeim fækkar. Ákvarðanir eru þá teknar á einum stað í stað þess að staðfestingu margra sveitarstjórna þurfi til, eins og tíðkast í slíkum samstarfsverkefnum. Við yrðum einnig betur í stakk búin til að sinna þeim verkefnum sem löggjafinn krefst af okkur. Að auki yrði til alvöru mótvægi við höfuðborgarsvæðið sem og að staða okkar yrði sterkari gagnvart ríkisvaldinu.

Það má einnig sjá fyrir sér að sveitarfélögin verði þrjú. Árborg og Flóahreppur sameinist, Hveragerði og Ölfus yrði eitt og hin fjögur minnstu eitt. Í dag yrði íbúafjöldi þess konar sveitarfélaga 10.000, 5.000 og 3.000, á pari við Mosfellsbæ, Fjarðabyggð og Norðurþing. Með þeirri breytingu myndi fjöldi bæjar- og sveitarstjóra, kjörinna fulltrúa og tilheyrandi nefndarfólki að minnsta kosti helmingast.

Auðvitað er ánægjulegt hve vel gengur hjá sveitarfélögunum í dag en spá kjörnir fulltrúar sýslunnar ekkert í því að það er möguleiki á að gera enn betur fyrir íbúana? Íbúar og kjörnir sveitarstjórnarfulltrúar sýslunnar eiga til dæmis að spyrja sig þeirra spurningar hvort það sé skynsamlegt fyrir 18.000 manna samfélag að hafa samtals: 8 bæjar- eða sveitarstjóra, 50 kjörna fulltrúa í sveitarstjórnum eða yfir 200 manns í nefndum og ráðum sveitarstjórna. Ef svarið er „Nei“, gerum þá eitthvað í því að lagfæra það, í stað þess að „humma“ og „ha-a“ út í eitt.

Það er mitt mat að hvort sem sveitarfélögin verði eitt eða þrjú talsins, þá mun svæðið styrkjast mikið við þær breytingar auk þess sem rekstrarleg hagræðing yrði mikil sem leiðir af sér að mögulegt er að auka fé í uppbyggingu svæðisins alls.

„Möguleikar svæðisins eru óþrjótandi, mannshugurinn og -höndin eru þar eina hindrunin fyrir nýtingu auðlindarinnar sem við eigum

Tækifærin

Land og saga með Gullfoss, Geysi, Þingvelli, Eyrarbakka ásamt allri Eyrinni eru perlur svæðisins og hafa verið svo í langa tíð. Ónefnd eru svo duldar perlur flata Flóans, hrjóstuga Ölfusið með blómlegri Hveragerðinni, uppsveitirnar með sína sögu og náttúruperlur svo ekki sé minnst á matarkistuna okkar sem telur allar fæðutegundir. Möguleikar svæðisins eru óþrjótandi, mannshugurinn og -höndin eru þar eina hindrunin fyrir nýtingu auðlindarinnar sem við eigum.

Sem bæjarfulltrúi í Svf. Árborg og íbúi á Selfossi þá nota ég tækifærið hér og bendi fólki á að kynna sér þá gríðarmiklu uppbyggingu sem nú er hafin og er framundan í Höfuðstað Suðurlands. Á Selfossi búa nú ríflega 8.000 manns og stöðugt bætir í. Selfoss er og hefur verið aðalþjónustukjarni Suðurlands í tæpa öld og mun verða það áfram um ókomna tíð.

Ásýnd Selfoss mun breytast mikið á næstu árum er brúin milli hins nýja og gamla, miðbærinn verður risinn. Nýir leik- og grunnskólar eru í undirbúningi auk fjölnota íþróttahúss sem mun ekki bara nýtast til íþróttaiðkunar heldur viðburða og sýninga ýmiskonar. Hafin er framkvæmd við 18 holu golfvöll og útivistarsvæði í og við völlinn. Tvöföldun þjóðvegar nr. 1 er hafin á milli Hveragerðis og Selfoss og ný brú yfir Ölfusá við Selfoss er í sjónmáli eftir áralanga bið. Það er ljóst að mikil uppbygging er að eiga sér stað í og við Höfuðstaðinn og tækifærin eru þar mörg til vaxtar og þroska líkt og annarsstaðar í sýslunni.

Komdu heim, við söknum þín

Til að samfélög þrífist og þróist þarf meðal annars góða hafnaraðstöðu, gott ræktarland og öflugar stofnanir. Eyrarbakki var eitt sinn „Höfuðborg“ Íslands en hafnaraðstaða hamlaði þeirri borg að vaxa og dafna. Í dag er komin nokkuð góð hafnaraðstaða í Þorlákshöfn, bestu landbúnaðarhéruð landsins eru í Árnessýslu og í Höfuðstaðnum má finna sjúkrahús, heilsugæslu, löggæslu og ýmsar stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga auk mikillar almennrar verslunar og þjónustu. Þó nokkur ár eru síðan að Reykjavík hóf að soga til sín stóran hluta af undirstöðum okkar samfélags líkt og minnst hefur verið á.

Nú er kominn tími á að borgin við sundin blá, skili hluta af feng sínum til baka. Hér er ekki endilega verið að gera kröfu um að Alþingi verði skilað, verið er að gera kröfu um að Alþingi skili okkur að minnsta kosti til baka eitthvað af þeirri starfsemi sem hún hefur tekið frá okkur í gegnum tíðina. Í þeim pakka mega vera ráðuneyti, ríkisstofnanir og svo má skila einni af æðri menntastofnunum landsins, Skálholtsskóla með stofnun Háskóla í Árnessýslu. Með þeirri uppbyggingu sem nú er hafin í sýslunni, stækkun sveitarfélaga, bættum samgöngum og vaxandi íbúafjölda erum við íbúar í Árnessýslu í stakk búin að fá Höfuðborgina aftur heim…við söknum þín!

Tómas Ellert Tómasson, bæjarfulltrúi Miðflokksins í Svf. Árborg.

rauða húsið

restaurant *Eyrarbakka*

Einstaklega huggulegur og rómantískur stadur

2ja og 3ja rétta Valentínusar- og Konudagstilboð 14-17. febrúar

Tilboð: 3ja rétta máltíð og gisting fyrir 2 í íbúð á Bakki Apartments 24.950 kr

Pöntunarsími: 483-3333

raudahusid.is • raudahusid@raudahusid.is
483-3330 Bakki Apartments: 788-8200

LEIÐARI

Veruleikinn og vegtollarnir

Á síðasta ári voru innheimtir rúmir 46 milljarðar af skattlangingu bíla og eldsneytis en af þeim fóru einungis 26 í vegakerfið. Þetta er veruleikinn á sama tíma og meirihluti Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks afgreiðir álit um upptöku vegtolla út úr umhverfis- og samgöngunefnd þingsins.

Tillögur um aukna skattheimtu á vegfarendur sem kollvarpa núverandi fyrirkomulagi fjármögnunar samgönguframkvæmda og er einkar skilvirkt þar sem þeir borga sem nota. Nú er fyrirhugað að tvískatta þá sem um vegina fara með þeim hætti að harkalega bitnar á íbúum utan höfuðborgarinnar, án tillits til tekna fólks og afkomu.

Vegtollaáformin eru hreinar villigötur og mikilvægt að sýna fram á óréttlætið og óskilvirknina í áformunum.

> *Vegtollarnir eru dulbúin skattheimta sem bitnar afar misjanlega á landsmönnum á sama tíma og helmingur innheimtra tekna af umferðinni rennur í annað en nýframkvæmdir og viðhald umferðar-mannvirkja.*

Staðreyndin er að árinu 2014 var samkvæmt reikningum ríkisins 14.272 milljónum varið til viðhalds vega og nýframkvæmda. Árið 2015 var upphæðin 16.322 milljónir króna. Árið 2017 voru það 21.358 milljónir króna og liðlega 26 milljarðar króna til vegamála á árinu 2018. Samtals gerir þetta á fimm árum 78 milljarðar, sem er nánast sama tala og áætlaðar tekjur ríkissjóðs af eldsneytisgjöldum á tveimur árum. Allt hitt rann til annarra mála sem án efa eru mörg hver brýn í samneyslunni.

Sé staðan sú að ríkið þurfi að innheimta hærri gjöld af umferðinni til þess að nota almennt í ríkisreksturinn, einsog staðan er nú, er miklu hreinilegra að leggja það upp með þeim hætti og nota áfram núverandi innheimtukerfi sem er miklum mun skilvirkara og hagkvæmara en það sem lagt er upp með í vegtollakerfinu.

Með aukinni rafbílavæðingu er hægast að færa innheimtuna yfir á ekna kílómetra þannig að áfram borgi vegfarendur í samræmi við notkun á samgögukerfi landsins. Það er illskiljanleg, aukin skattheimta að ætla að taka upp flókið og óskilvirkt kerfi vegtollainnheimtu sem bitnar mjög misjafnlega á landsmönnum eftir búsetu og efnhag.

Vegtollarnir eru dulbúin skattheimta sem bitnar afar misjanlega á landsmönnum á sama tíma og helmingur innheimtra tekna af umferðinni rennur í annað en nýframkvæmdir og viðhald umferðarmannvirkja. Þetta er veruleikinn og út frá honum á að vinna málið.

Lausnin felst ekki í nýjum og ósanngjörnum skatti á þá sem aka vegi landsins. Skattar eiga að vera gegnsæir, sanngjarnir og taka tillit til efnalegrar stöðu fólks. Sú er ekki raunin með vegtollaáform ríkisstjórnarinnar.

Björgvin G. Sigurðsson

Skora á ráðamenn að finna lausn á máli Tryggva

Nú um mánaðamótin fór af stað undirskriftarsöfnun þar sem skorað er á sveitarstjóra Rangárþings eystra og heilbrigðisráðherra að finna lausn á búsetuúrræðum fyrir Tryggva Ingólfsson.

Tryggvi hefur átt sitt heimili í rúm 11 ár að hjúkrunar- og dvalarheimilinu Kirkjuhvoli á Hvolsvelli eftir sviplegt slys. Hvonum var óvænt meinaður aðgangur þangað að nýju eftir að hafa verið útskrifaður af lungnadeild LSH fyrir 10 mánuðum síðan.

„Við teljum brotið á mannréttindum Tryggva og gerum þá kröfu til sveitarstjóra Rangárþings eystra og heilbrigðisráðuneytis að fara eftir lögum og greiða götu Tryggva aftur heim og það sem allra fyrst," segja ábyrgðarmenn undirskriftalistans.

Barátta Tryggva og fjölskyldu hans hefur vakið mikla athygli en Tryggvi varð annar í kjörinu á Sunnlendingi ársins á sunnlenska.is á síðasta ári.

Undirskriftarlistinn verður opinn til 1. mars á heimasíðu Þjóðskrár Íslands. Þegar þetta er skrifað hafa um 1.400 manns skráð sig á listann.

2. tölublað, 5. árgangur

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54 , 103 Rvk. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason.
Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is.
Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is.
Ritstjóri: Björgvin G. Sigurðsson, sími: 863-5518 netfang: sudri.heradsblad@gmail.com
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja. **Dreifing:** Íslandspóstur. **Vefútgáfa PDF:** www. fotspor.is.

Fríblaðinu er dreift í 10.500 eintökum á öll heimili á Suðurlandi.

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðis og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga skrifar:

Sveitarfélögin og húsnæðismál!

> *Mikilvægt er því að horft verði til niðurstaðna átakshópsins þar sem sérstaklega er fjallað um almenningssamgöngur og mikilvægi þeirra hvað búsetuþróun varðar. Horfa verður heildstætt á áform um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og muna að hluti af þeirri lausn eru tíðar og ódýrar almenningssamgöngur.*

Í niðurstöðum átakshóps forsætisráðherra um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði eru sveitarfélög mikilvægir þátttakendur. Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin taki ábyrgan þátt í virkum húsnæðismarkaði með ákvæðum í deiliskipulagi varðandi almennt leiguhúsnæði og uppbyggingu félagslegs húsnæðis.

Fjallað var um tillögur átakshópsins sem snúa að sveitarfélögum og aðgerðum á þeirra vegum á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nýverið og lýsti stjórn yfir ánægju með niðurstöðu hópsins um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði.

Jafnframt er lögð áhersla á að fulltrúar sveitarfélaga taki beinan þátt í mótun á útfærslum og framfylgd tillagna og hvetur stjórnin til þess að komið verði á markvissu samstarfi stjórnvalda og helstu haghafa um úrbætur í húsnæðismálum á grundvelli niðurstaðna átakshópsins. Einnig er lögð áhersla á að útfærslur verði einfaldar í framkvæmd, að þær falli vel að þeim lagaramma sem sveitarfélögin starfa eftir og að framkvæmd verði ekki of íþyngjandi fyrir sveitarfélög.

Íbúðir byggðar í kringum höfuðborgarsvæðið

Það er ljóst að mikil óuppfyllt íbúðaþörf er til staðar en nú vantar líklega á bilinu 5-8000 íbúðir á landinu öllu. Aftur á móti fer það ekki framhjá neinum að nú er mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis í gangi og hér fyrir austan fjall förum við heldur ekki varhluta af þeirri þróun. En þrátt fyrir mikla uppbyggingu og þær áætlanir sem framundan eru er ljóst að betur má ef duga skal.

Jafnframt er það nokkuð ljóst að of mikill hluti þeirra íbúða sem nú eru í byggingu nýtast ekki þeim hópi sem lægstar hefur tekjurnar og við því verður að bregðast.

Sveitarstjórnarmenn hafa víðast sýnt mikla ábyrgð og vilja til að bregðast við þessari stöðu og nú er unnið að gerð húsnæðisáætlana eða gerð þeirra lokið vítt og breitt um landið.

Auka þarf fjármagn til úthlutunar stofnframlaga

Það er ljóst að fjöldi umsókna sveitarfélaga um stofnframlög til uppbyggingar almennra leiguíbúða sem reknar eru án hagnaðarsjónarmiða eru langtum fleiri en hægt er að mæta með því fjármagni sem ríkið hefur úthlutað til verkefnisins. Með auknu fjármagni til úthlutunar stofnframlaga gæfust möguleikar á hraðri uppbyggingu leiguhúsnæðis sem mætt gæti þörfum þeirra hópa sem verst eru settir. Í niðurstöðum átakshópsins koma fram tillögur er lúta að fjölgun íbúða á vaxtarsvæðum í kringum höfuðborgarsvæðið. Suðurnes, Árborgarsvæðið og hluti Vesturlands eru hluti af þeirri lausn sem horft er til.

Þegar er mikil uppbygging í gangi í öllum bæjarfélögum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Áform eru uppi um enn frekari uppbyggingu á þessum stöðum öllum. Á þessum svæðum byggist upp húsnæði sem er ódýrara en gengur og gerist á höfuðborgarsvæðinu og því er búseta í þessum byggðarlögum góður kostur fyrir marga.

Vöxtur fylgir bættum samgöngum

Mikilvægt er því að horft verði til niðurstaðna átakshópsins þar sem sérstaklega er fjallað um almenningssamgöngur og mikilvægi þeirra hvað búsetuþróun varðar. Horfa verður heildstætt á áform um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og muna að hluti af þeirri lausn eru tíðar og ódýrar almenningssamgöngur. Einnig verður að gæta að því að engin þau skref verði stigin sem gera búsetu á svæðum í kringum höfuðborgarsvæðið minna aðlaðandi með auknum kostnaði við að sækja atvinnu inn á mesta atvinnusvæði landsins.

Aldis Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM,
SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

NÝTT Í LÚR

Öll sæti og bak stillanlegt

RICCARDO rafstillanlegur tungusófi

Brunstad hvíldarstóll

Öll sæti stillanleg

ISABELLA hægindasófi.
Sjá nánar á lur.is

Stillanleg rúm

Svefnsófar í miklu úrvali.

NÝTT Í LÚR

SITTING VISION
hvíldarstólar

Öll sæti stillanleg

ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is

Stillanlegur höfuðpúði

GRACE hægindastóll

ORACOL tungusófi

JACOB stóll frá Calia Italia

RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR

VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

Saumastofan frumsýnd í Þorlákshöfn

Leikfélag Ölfuss frumsýnir verkið Saumastofuna eftir Kjartan Ragnarsson þann 8. febrúar næstkomandi. Leikstjóri að þessu sinni er Guðfinna Gunnarsdóttir en hún hefur starfað með Leikfélagi Selfoss frá barnsaldri og er starfandi formaður Bandalags íslenskra leikfélaga.

Níu leikarar taka þátt í sýningunni en það eru þau Álfheiður Østerby Christensen, Árný Leifsdóttir, Ásta Margrét Grétarsdóttir, Daníel Máni Óskarsson, Erla Dan Jónsdóttir, Ingólfur Arnarson, Jónheiður Ísleifsdóttir, Magnþóra Kristjánsdóttir og Róbert Karl Ingimundarson. Frumsýning verður föstudaginn 8. febrúar í Versölum.

Miðasala í síma 692-0939 milli kl. 17-20 og á midasalalo@gmail.com. Miðaverð kr. 2500.

Frumsýning föstudaginn 8. febrúar kl. 20:00
2. sýning sunnudaginn 10. febrúar kl. 20:00
3. sýning þriðjudaginn 12. febrúar kl. 20:00
4. sýning föstudaginn 15. febrúar kl. 20:00
5. sýning sunnudaginn 17. febrúar kl. 20:00
6. sýning þriðjudaginn 19. febrúar kl. 20:00
7. sýning föstudaginn 22. febrúar kl. 20:00
8. sýning sunnudaginn 24. febrúar kl. 20:00

Tryggið ykkur miða í tíma á þessa frábæru sýningu.

Rútuferðir í Bláfjöll

Ungmennafélag Selfoss í samstarfi við rútufyrirtækið Guðmund Tyrfingsson býður upp á sætaferðir á skíðasvæðið í Bláfjöllum í febrúar.

Fyrsta ferðin var farin laugardaginn 2. febrúar, og er lagt af stað frá Tíbrá, félagsheimili Umf. Selfoss, klukkan 10:00. Einnig verður stoppað við N1 í Hveragerði.

Heimferð úr Bláfjöllum er klukkan 14:00 og áætluð heimkoma á Selfoss kl. 15:00.

Það kostar kr. 2.500 í rútuna og er hægt að greiða með greiðslukorti eða peningum í rútunni.

Allar nánari upplýsingar má finna á fésbókarsíðunni Vetraríþróttir á Selfossi og nágrenni.

Hvert fara peningarnir sem innheimtir eru af bifreiðaeigendum?

Í áhugaverðri aðsendri grein til Stundarinnar fjallar Sigríður Arna Arnþóradóttir, landfræðingur, um vegtolla. Í upphafi greinarinnar segir greinarhöfundur. Vegtollar! Hið ætlaða samþykki þjóðarinnar sem ráðamenn gera ráð fyrir er bara alls ekki til staðar. Þeir þingmenn og sú stjórn sem nú sitja við völd voru ekki kosin af þjóðinni til að fjölga hér skattstofnum og innheimtuleiðum. Það er mikill misskilningur að svo sé og því þarf að hvetja stjórnvöld til að snúa sér að öðrum leiðum til fjáröflunar.

Sigríður Arna heldur áfram og segir: Í þessu sambandi ætla ég að vitna í þingsályktunartillögu sem lögð var fram á Alþingi fyrir um það bil 20 árum og var svohljóðandi: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort unnt sé að beita vegtollum til þess að draga úr þörf á gerð samgöngumannvirkja, stuðla að minni mengun og afla fjár til vegagerðar.“

Flutningsmenn voru þau Einar K. Guðfinnsson, Sjálfstæðisflokki; Össur Skarphéðinsson, Samfylkingu; Kristín Ástgeirsdóttir, Samtökum um kvennalista; Sigríður Jóhannesdóttir, Samfylkingu; Árni M. Mathiesen, Sjálfstæðisflokki og Kristín Halldórsdóttir, Samtökum um kvennalista.   Þetta er mjög athyglisvert því þarna sáu stjórnmálamenn fyrir sér að nýta vegtolla sem stjórntæki til að draga úr umferð. Hið háa Alþingi sá sem sagt fyrir sér að ráða því hvort við færum í bíltúr eða ekki. Vegtollarnir áttu jafnframt að draga úr þörfinni á frekari gerð samgöngumannvirkja.

Það er einnig athyglisvert að vegtollar, hvort heldur þeir eru skoðaðir í nútíma eða 20 ára fjarlægð, skapa mismunun milli fólks. Mismunurinn felst í því að lægsta verðið fæst með því að

kaupa margar ferðir í einu, það geta eingöngu þeir fjársterkari. Fólk sem hefur minna milli handanna er líklegra til að hafa eingöngu efni á einni ferð í senn.

Þá segir Sigríður Arna að árum saman höfum við haft hin ýmsu innheimtukerfi gjalda til vegagerðar. Við höfum bifreiðagjöldin og þau eru alls ekki lág, á sínum tíma voru þau lögð á sem eingreiðsla sem margir muna eftir og kallað var krónugjaldið, það átti bara að vera í eitt ár! Þess utan höfum við vörugjöld af ökutækjum, vörugjöld af bensíni, olíugjald og kílómetragjaldið. Og nú vilja menn bæta við einum innheimtuflokknum enn!

Er ekki réttara að nýta þá stofna sem fyrir eru áður en farið er í að leggja á nýja skattastofna sem í eðli sínu eru afar dýrir. Fyrir það fyrsta er um að ræða afar dýrar myndavélar sem eiga fylgjast með ferðum okkar um allt land, þó aðallega um suðvestanvert landið. Ef eitthvað bregður út af, til dæmis varðandi greiðslu, þá er tekin mynd af bílnúmerinu og upplýsingarnar fara til skrifstofu sem getur verið hvar sem er í heiminum. En þetta var nú bara smá útúrdúr til að sýna fram á hve þungt í vöfum þetta verður fyrir almúgann.

www.fib.is

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
Síðan 1995
Allir þurfa þak yfir höfuðið

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri
Lögg.fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Úlfar Freyr Jóhansson
Lögfræðingur Hdl.
Lögg. fasteignasali.
Skjalavinnsla
692 6906

Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur og lögg.fasteignasali
694 6166

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
892-8778

Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
Útibú Höfn Hornafirði
895-2115

588 4477
Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð
Framúrskarandi fyrirtæki
Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

GÓÐUR TÍMI TIL AÐ PANTA 2019 ÁRG. AF HOBBY

Ontour 390SF verð 3.000.000
Deluxe 460Ufe verð 3.500.000
Excellent 495UL verð 3.700.000
Excellent 540UL Verð 3.880.000
Excellent 560Cfe verð 4.200.000
Premium 495UL verð 4.330.000
Premium 560UL verð 4.700.000
Premium 560Cfe verð 4.860.000

NÝIR 2019 MITSUBISHI OUTLANDER PLUG-IN HYBRIT

2.4 Ltr vél, 18" Álfelgur, Bakkmyndavél, símkerfi, Snertiskjár, Lyklalaust aðgengi.

Dráttarkúla aftakanleg 110.000 kr auka.

5 Ára ábyrgð, 8 Ára ábyrgð á Rafgeymum.

Verð 4.300.000 kr
Afhentir Reykjavík-Akureyri-Ísafirði-Egilsstöðum eða eftir samkomulagi.

MAN 8X8 ÁRG 2018 EKINN 23.000 KM

Sjálfskyptur, 500 Hestöfl, Pretarder, Bakkmyndavél, Ískápur, Leiðsögukerfi, Símkerfi, Álfelgur.

Stál pallur með yfirbreiðslu og vökvagabli.

Sturtu dæla á mótor.

Afhendist hvar sem er á landinu

Verð 17.000.000 + Vsk

UPPLÝSINGAR GEFUR BÓAS EÐVALDSSON - BOSAL.IS - SÍMI 7775007 - EMAIL: BOSAL@BOSAL.IS

Tæki til vetrarþjónustu

Wendel

Tangarhöfða 1
110 Reykjavík

Sími 551 5464
Fax: 551 4531

wendel@wendel.is
www.wendel.is

Vöfflukaffi Framsóknar 18. janúar

Vöfflukaffi Framsóknar 18. janúar

Framsóknarfólk í Sveitarfélaginu Árborg stendur fyrir aðdáunarverðu félagsstarfi sem eru „Vöfflukaffin“ síðdegis á föstudögum vetrarmánuðina í Framsóknarsalnum við Eyraveg á Selfossi. Upphafsfólk og umsjónarmenn þessa mannlífs- og menningarauka eru hjónin Vilhjálmur Sörli Pétursson og Fjóla Ingimundardóttir.

Fyrsta Vöfflukaffið var þann 13. nóvember 2015 og eru þau um 20 á hverjum vetri og verða orðin um 80 talsins eftir þennan vetur. Framsögumenn hafa komið úr ýmsum geirum samfélagsins á Suðurlandi eða á landsvísu. Allir eru velkomnir á Vöfflukaffin og hafa þau verið mjög vel sótt öll árin með málefnalegum og fjörugum umræðum.

Framsögumenn vetrarins 2018/19 hafa verið:

19. okt. Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar - 26. okt. Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu – 2. nóv. Magnús Hlynur Hreiðarsson, fréttamaður – 9. nóv. Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Ungmennafélags Selfoss - 16. nóv. Jón Björn Hákonarson, ritari Framsóknarflokksins – 23. nóv. Gunnar Þorgeirsson, formaður Samtaka garðyrkjubænda – 30. nóv. Valgeir Ómar Jónsson, sagnfræðingur og Willum Þór Þórsson, alþingismaður og formaður fjárlaganefndar Alþingis – 7. des. Herdís Gunnarsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands – 14. des. Helgi Sigurður Haraldsson, forseti bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar - 18. jan. Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og ráðherra norrænna samstarfsmála – 25. jan. Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri Sveitarfélagsins Árborgar - 1. feb. Sigurður Böðvarsson, sérfræðingur í krabbameinslækningum á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Húsfyllir var í Vöfflukaffinu þann 18. janúar sl. þegar Sigurður Ingi Jóhannsson var framsögumaður. **Björn Ingi Bjarnason á Eyrarbakka færði samkomuna til myndar.**

Vilhjálmur Sörli Pétursson og Fjóla Ingimundardóttir.

VILTU AUGLÝSA Í SUÐRA?
AUGLÝSINGADEILDIN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA FRÁ KL. 9:00 – 17:00.
AUGLÝSINGASÍMINN ER 578-1190

Aðstoðarmaður á tæknideild á Selfossi

VEGAGERÐIN

FAGMENNSKA ÖRYGGI FRAMSÝNI

Laust er starf aðstoðarmanns á tæknideild Vegagerðarinnar á Suðursvæði með starfsstöð á Selfossi. Um 100% starf er að ræða, við ýmsa stjórnsýslu, skipulagsmál, kortavinnu, undirbúning útboða og framkvæmda og tilfallandi skrifstofustörf. Tæknideild Suðursvæðis hefur m.a. umsjón með undirbúningi verka og aflar frumgagna, sinnir eftirliti og gerir áætlanir fyrir hin ýmsu verk. Umdæmi deildarinnar er Reykjanes og höfuðborgarsvæðið, allt að Hvalfjarðarbotni, stór hluti hálendisins og Suðurlandsundirlendið allt austur að Gígjukvísl.

Ábyrgð og verkefni
- Afgreiðsla og eftirfylgni erinda vegna héraðs- og styrkvega.
- Leyfisaflanir vegna framkvæmda.
- Móttaka og afgreiðsla erinda um skipulagsmál í samráði við aðra og samskipti við sveitarfélög.
- Gerð teikninga og korta vegna nýrra og eldri vega.
- Gerð kynningargagna fyrir framkvæmdir.
- Aðstoð við kortavinnu í tengslum við útboðslýsingar.
- Samráð við hagsmunaaðila við undirbúning framkvæmda.
- Undirbúningur svæðisfunda og eftirfylgni mála.
- Tilfallandi skrifstofustörf og móttaka viðskiptavina.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi, en umsækjendur með menntun á sviði tækniteiknunar og reynslu í þá veru koma einnig til greina.
- Reynsla og kunnátta í notkun teiknikerfa (e.Cad).
- Reynsla af ámóta störfum er kostur.
- Góð tölvukunnátta.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp.
- Framúrskarandi samskiptafærni.
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar 2019.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Svanur G. Bjarnason svæðisstjóri Suðursvæðis í síma 522-1310, og Erlingur Jensson deildarstjóri tæknideildar í síma 522-1330.
Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur um hæfi til að gegna umræddu starfi. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 14
Ármúla 31 - Sími 588 7332
i-t.is

Tvær nýjar gestastofur í þjóðgörðum Suðurlands

Hægt verður að ganga upp á þak byggingarinnar og njóta útsýnis yfir Vatnajökulsþjóðgarðinn. Tölvuteikning/Arkís ehf.

Við bíðum spennt, þetta er náttúrulega búið að vera í deiglunni í töluverðan tíma," segir Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður á Kirkjubæjarklaustri, í samtali við mbl.is um að til standi að fara í útboð á þessu ári vegna byggingar nýrrar gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir 460 milljónir króna.

Hún segir nýja gestastofu vera mikla bót fyrir starfsemina. „Eins og staðan er núna er gestastofa vestursvæðis í anddyrinu í félagsheimilinu á Klaustri. Það er að mörgu leyti skemmtilegt, en samt er þetta líka félagsheimili sveitarinnar og kannski ekki alveg hentugt í þennan rekstur."

„Þetta verður hús sem verður byggt fyrir þennan rekstur og þá verður pláss fyrir góða sýningu, skrifstofuaðstaða og betri aðstaða til að taka við hópum," bætir Fanney við.

Þá stendur einnig til að fara í útboð vegna byggingar þjóðgarðsstofu á Hellissandi í þessum mánuði og er áætlaður kostnaður við hana 490 milljónir króna.

Framkvæmdasýsla ríkisins mun einnig í þessum mánuði standa fyrir útboði vegna framkvæmda sem snúa að því að koma fyrir forunnum salernishúsum á Þingvöllum fyrir 150 milljónir króna.

„Það er búið að vera gríðarleg uppbygging hjá okkur undanfarið og hún stoppar aldrei má segja," segir Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, í samtali við mbl.is.

Mikið álag er á salernum á bílastæðunum við Hakið „þar sem þegar eru 24 klósett sem anna ekki eftirspurn. Á álagsdögum vantar okkur fleiri salerni svo það er gott að fá þau þar," útskýrir Einar.

Velkomin í Bakkastofu

Skemmtiferðir vinnustaða, félagasamtaka og allskyns hópa eru okkar ær og kýr !

Bakkastofa með sögum, samveru söng og spili hefur engan svikið hingað til með fjölbreyttum og sérsniðnum dagskrám.

Á heimasíðunni okkar www.bakkastofa.com má lesa um hitt og þetta en þeir sem vilja stytta sér leið geta farið inn á slóðirnar

https://www.bakkastofa.com/dagskrar & https://www.bakkastofa.com/soegur-og-tonlist

& upplýsingar í síma 821-2428 & bakkastofa@gmail.com

Hannes semur við Selfoss

Það verður nýtt fyrir mig og fjölskylduna að vera að flytja til Íslands. Spurningin var samt alltaf hvenær við færum heim, ekki hvort," sagði handknattleiksþjálfarinn Hannes Jón Jónsson í samtali við Morgunblaðið í vikunni en hann er á heimleið eftir 14 ár sem leikmaður og þjálfari erlendis eftir að hafa samið við Selfoss til þriggja ára.

Hannes mun þjálfa karlalið félagsins, auk þess sem hann verður framkvæmdastjóri handknattleiksakademíunnar á Selfossi. Hann tekur við af Patreki Jóhannessyni sem hefur samið við danska meistaraliðið Skjern og Hannes er sammála því að hann taki við góðu búi.

AIR
NETVERSLUN

3
VERSLANIR

ELLINGSEN
NETVERSLUN

Skór.is
NETVERSLUN

1
KARFA



Sendum um land allt
og frítt fyrir pantanir yfir tíu þúsund

4 afhendingarstaðir
Þú velur eftir hentisemi

Endurgreiðslufrestur
14 dagar

Netverslun S4S
www.skor.is // www.air.is // www.ellingsen.is
Guðríðarstíg 6-8 113 Grafarvogi

Viltu slá á þráðinn?
5442160
skor@skor.is // netverslun@ellingsen.is

Ræðurmaður Hvolsskóla 2019

Í lok janúar fór fram ræðukeppni í Hvolsskóla. Þar öttu kappi þeir nemendur í 8.-10. bekk sem efstir stóðu eftir bekkjarkeppni. Ræðuefnið voru skólabúningar og sitt sýndist hverjum í því máli.

Sigur úr bítum að þessu sinni bar Sunna Lind Sigurjónsdóttir í 10. bekk. Í öðru sæti var Jade Jóhanna Mcdevitt í 9. bekk og því þriðja Sóldís Birta Magnúsdóttir í 10. bekk. Til hamingju öllsömul.

Dómarar að þessu sinni voru þau Margrét Guðjónsdóttir, Svava Björk Helgadóttir og Hermann Árnason.

www.hvolsvollur.is

Evrópumeistarar í olíuleit

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) hefur um í mörg ár tekið þátt í tölvuleik þar sem leitað er að olíu. Þessi leikur hefur verið notaður til að þjálfa fólk sem er að fara að vinna í olíuiðnaði og eins til að benda ungu fólki á möguleg störf í framtíðinni. Hérlendis hafa Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum og FAS verið duglegastir að taka þátt í þessum leik og keppa þeir saman.

Sigurliðið í leiknum á Íslandi öðlast þátttökurétt á lokakeppni í sem hefur verið haldin í Bretlandi undanfarin ár. Í ár var það liðið „Olíuleit með pabba“ frá FAS sem sigraði landskeppnina en liðið skipa þeir Björgvin Freyr Larsson, Júlíus Aron Larsson, Kristján Vilhelm Gunnarsson og Oddleifur Eiríksson.

Lokakeppnin fór fram föstudaginn 25. janúar í Schlumberger Cambridge Research (SCR) en það er fyrirtæki sem sérhæfir sig m.a. í tæknilausnum fyrir olíuiðnað. SCR er með starfsemi í 85 löndum og hjá fyrirtækinu starfa um 100.000 manns af rúmlega 140 þjóðernum í alls konar fyrirtækjum.

Eitt fyrirtækjanna er NExT sem er hugbúnaðarfyrirtæki og hannar m.a. olíuleitarleikinn. Auk þess að hýsa keppnina vill SCR kynna starfsemina og um leið benda ungu fólki á möguleg störf í framtíðinni.

Á lokakeppnina var einnig mætt liðið sem sigraði landskeppnina í Noregi auk nokkurra norskra styrktaraðila. Orkustofnun hefur styrkt keppnina á Íslandi um árabil og hefur með því framlagi gert íslenska sigurliðinu kleift að taka þátt í lokakeppni síðustu ára. Orkustofnun eru hér með færðar bestu þakkir.

Það er skemmst frá því að segja að strákarnir okkar komu agaðir og yfirvegaðir til leiks og voru mjög einbeittir á meðan keppnin stóð yfir. Það fór líka svo að þeir unnu með miklum yfirburðum og hlutu að launum verðlaunagrip og sæmdarheitið „Evrópumeistarar í olíuleit“.

Eftir keppnina var fyrirtækið kynnt og sagt frá því helsta sem það vinnur að. Það vakti athygli okkar að tæknin í olíuiðnaðinum er um margt lík og tækni í vinnslu á jarðhita á Íslandi. Þá vinnur fyrirtækið markvisst að því að vistsporið við vinnsluna verði sem minnst. Nú er t.d. reynt að dæla sem mestu af CO2 niður í jörðina fremur en að sleppa því út í andrúmsloftið.

Eftir hádegismat var farin skoðunarferð um fyrirtækið og síðar um daginn skoðuðum við Cambridge undir leiðsögn. Þetta er þekktur háskólabær og þar eru 31 „college“ skólar staðsettir og mjög eftirsótt að komast í nám þangað. Margir skólanna hafa starfað öldum saman. Kvöldinu lauk svo á sameiginlegum málsverði á steikhúsi í Cambridge.

Á laugardeginum var svo haldið til London þar sem deginum var eytt í það að skoða mannlífið og fara á skemmtilega sögusýningu um London fyrr á tímum. Hópurinn átti flug til Íslands á laugardagskvöldinu og kom heim til Hafnar seinni partinn á sunnudag.

Það er ekki á hverjum degi sem skólinn getur státað sig af titlum og af því tilefni var efnt til móttökuhátíðar í FAS. Þar fengu strákarnir viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna og skólinn fékk verðlaunagripinn afhentan og fer hann nú í glerskápinn góða á efri hæðinni. Þar mun hann standa til samlætis þeim tveimur verðlaunagripum sem FAS hefur fengið áður fyrir olíuleit.

Í lokin má geta þess að strákarnir fjórir voru einstaklega flottir ferðafélagar og stóðu sig alls staðar með miklum sóma en voru engu að síður staðráðnir að eiga skemmtilega daga og njóta ferðarinnar.

Hjördís Skírnisdóttir.

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

Vilt þú taka þátt í eflingu bráðþjónustu í þinni heimabyggð?

Heilbrigðisstofnun Suðurands leitar að liðsauka í sjúkraflutninga á starfssvæði stofununarinnar í Rangárþingi, á Vík í Mýrdal og á Kirkjubæjarklaustri. Grunnþjálfun til starfsleyfis í sjúkraflutningum í boði af hálfu HSU.

Hæfniskröfur
- Starfsleyfi landlæknis í sjúkraflutningum, kostur.
- Grunnmenntun EMT-Basic, kostur.
- Neyðarflutningsnám, kostur
- Meirapróf.
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Í Vík í Myrdal og á Kirkjubæjarklaustri er bakvaktaskylda. Bakvaktrir eru skipulagðar allan sólarhringinn, á hvorum stað fyrir sig.
- Í Rangárþingi er um að ræða bakvaktir frá kl. 19-07. Þar verða auglýstar stöður fyrir haustið 2019.
- Bakvaktir eru skipulagðar af varðstjóra í viðkomandi umdæmi.

Frekari upplýsingar um starfið
Kjörið tækifæri fyrir aðila sem hafa áhuga á að afla sér menntunar og/eða starfa við krefjandi verkefni í heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármálaráðherra og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna hafa gert.

Umsókn skal skilað rafrænt á vef HSU - www.hsu.is - undir laus störf
Umsókninni þurfa að fylgja staðfestar upplýsingar um menntun, starfsleyfi og fyrri störf.
Umsókninni þarf einnig að fylgja fullt hreint sakavottorð. Öllum umsóknum verður svarað þegar tekin hefur verið ákvörðun um ráðningu.
Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.
Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.
Umsóknarfrestur er til og með 28.02.2019

Nánari upplýsingar veita:
Cecilie B. H. Björgvinsdóttir, mannauðsstjóri HSU, *cecilie.bjorgvinsdottir@hsu.is* **- 432-2002**

Prentarar

Tækniþjónusta
Viðgerðir
Viðhald

Bjóðum Thermal prentara af öllum stærðum og gerðum

Úrval varahluta og aukabúnaðar

DATAMAX TSC ZEBRA TECHNOLOGIES Intermec

Límmiðar

Framleiðum allar gerðir límmiða af mismunandi stærðum og gerðum

Thermal
Hvítir miðar
Litamiðar
Forprentaðir
Athyglismiðar
Tilboðsmiðar
Vogamiðar
Lyfsölumiðar
Varúðarmiðar
Endurskinsmiðar
Flöskumiðar
Verðmerkimiðar

Boðtækni

Selhellu 13 • 221 Hafnarfirði • Sími 554 0500 • **bodtaekni.is**

Frá Sumartónleikum í Skálholtskirkju. Mynd úr safni www.sunnlenska.is

Fimm sunnlensk verkefni styrkt úr Tónlistarsjóði

Sumartónleikar í Skálholti og Töfrahurð eru meðal þeirra verkefna sem fengu úthlutað úr fyrri úthlutun Tónlistarsjóðs fyrir árið 2019.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur samþykkt tillögu tónlistarráðs um úthlutun úr sjóðnum fyrir fyrra tímabil ársins. Tónlistarráð skipa þau Arndís Björk Ásgeirsdóttir, formaður, Ragnhildur Gísladóttir og Samúel Jón Samúelsson.

Alls bárust 132 umsóknir frá mismunandi greinum tónlistar. Sótt var um tæpar 140 milljónir kr. en til úthlutunar úr sjóðum eru 69 milljónir króna. Þar af eru 21 milljón í föstum samningum til ársins 2020. Til úthlutunar í þessari fyrri úthlutun eru því 24 milljónir.

Alls fengu 55 verkefni styrki, þar af nokkur á Suðurlandi. Meðal þeirra voru Töfrahurð sf fyrir verkefnið Börnin tækla tónskáldin, vilyrði fyrir 500 þúsund króna styrk.

Björg Þórhallsdóttir fékk 300.000 króna styrk fyrir tónlistarhátíðina Englar og menn í Strandarkirkju og

„Alls bárust 132 umsóknir frá mismunandi greinum tónlistar. Sótt var um tæpar 140 milljónir kr. en til úthlutunar úr sjóðum eru 69 milljónir króna.

Rut Ingólfsdóttir sömu upphæð fyrir menningarstarf að Kvoslæk í Fljótshlíð. Þá fékk Kammerkór Suðurlands 200.000 króna styrk fyrir verkefnið Örlög Suðurlands.

Nokkur verkefni fengu þriggja ára samning og voru Sumartónleikar í Skálholti eitt þeirra. Sumartónleikarnir fá 3,5 milljónir króna árlega úr sjóðnum fyrir árin 2018-2020.

www.sunnlenska.is

SELFOSSVEITUR

LAUS STAÐA HJÁ SELFOSSVEITUM

Selfossveitur reka hita- og vatnsveitu Sveitarfélagsins Árborgar.
Fyrirtækið er til húsa að Austurvegi 67.

Selfossveitur óska eftir starfsmanni
á sviði hita- og vatnsveitu.
Starfið heyrir undir verkstjóra vatns- og hitaveitu.

Ábyrgðar og starfssvið:
Hita- og vatnsveita:
Almenn störf vegna notendaþjónustu veitnanna. Verkþættir eru m.a. við:
Mæla álestur hjá fyrirtækjum og stofnunum
Umsjón með lager á mælitækjum veitunnar
Þjónusta við notendur
Aðstoð við önnur störf innan veitunnar

Menntunar- og hæfniskröfur:
Reynsla af verklegum framkvæmdum er kostur
Hafi góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
Ensku og tölvu kunnátta æskileg

Frekari upplýsingar um starfið veita Sigurður Þór Haraldsson, deildarstjóri vatns- og hitaveitu í síma 480 1500 á skrifstofutíma. Umsókn þarf að berast í síðasta lagi 15.febrúar n.k. á netfangið sigurdur@arborg.is.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Að bera meira úr býtum

Fimmtudaginn 24. janúar sl. var haldin málstofan Að bera meira úr býtum á vegum Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs í Háskóla Íslands. Þar voru kynntar helstu niðurstöður rannsóknar- og samstarfsverkefnis þriggja grunnskóla og Rannsóknarstofunnar. Margir fulltrúar Árborgar létu til sín taka en eftir kynningu Eddu Kjartansdóttur, fundarstjóra, var Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri með setningarávarp. Eftir kynningu Önnu Kristínar Sigurðardóttur, verkefnastjóra, var „litið inn í“ Sunnulækjarskóla þar sem kennararnir Sigfríður Sigurgeirsdóttir, Anna Guðrún Steindórsdóttir og Steinunn H. Eggertsdóttir fjölluðu um teymiskennslu á öllum stigum.

Eftir að fulltúar Hörðuvallaskóla í Kópavogi og Háaleitisskóla í Reykjavík höfðu kynnt sín verkefni tók Birgir Edwald, skólastjóri Sunnulækjarskóla, þátt í pallborði þar sem hann og skólastjórar hinna skólanna sögðu frá reynslu sinni og hvað þeir hefðu lært af því að taka þátt í verkefninu. Fleiri komu við sögu í málstofunni og er hægt að nálgast hana á vefnum.

www.arborg.is

VILTU AUGLÝSA Í SUÐRA?

AUGLÝSINGADEILDIN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA
FRÁ KL. 9:00 – 17:00.
AUGLÝSINGASÍMINN ER 578-1190

STARFSMIÐAÐ

FJARNÁM

HNITMIÐAÐ

NÁMSBRAUTIR:

FORRITUN
KERFISSTJÓRNUN
BÓKARANÁM

ÁRANGUR Í 22 ÁR

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

www.ntv.is

ntv

Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn

Auglýsingar:
Sími 578 1190 og
auglysingar@fotspor.is

Ritstjórn:
Sími 863 5518 og
sudri.heradsblad@gmail.com

SUÐRI
HÉRAÐSFRÉTTABLAÐ

2. tölublað
5. árgangur

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Brynjólfur hlaut Ljóðstaf Jóns úr Vör

Á hverju ári efnir lista- og menningarráð Kópavogsbæjar til ljóðasamkeppni undir heitinu Ljóðstafur Jóns úr Vör. Í ár var það Brynjólfur Þorsteinsson frá Hvolsvelli sem hlaut Ljóðstafinn fyrir ljóð sitt Gormánuður.

Alls bárust 302 ljóð í keppnina og þótti ljóð Brynjólfs „draga fram íslenskan hversdag sem birtist dularfullur og margræður, þar sem samruni náttúru og líkama myndar óljós og áhugaverð mörk milli heima," eins og dómnefndin komst að orði í umsögn sinni.

Brynjólfur er fæddur 1990, sonur þeirra hjóna Ástu Brynjólfsdóttur og Þorsteins Jónssonar. Myndina sem fylgir fréttinni tók einmitt Þorsteinn þegar Ljóðstafurinn var afhentur þann 21. janúar sl.

Mynd og texti www.hvolsvollur.is

Gormánuður
allir hrafnar eru gat
líka þessi sem krunkar
uppi á ljósastaur
eins og brot
í himingrárri tönn
sjóndeildarhringurinn nakin tré
skorpin vör
pírðu augun
einblíndu á fjaðursortann
það glittir í úf
allir hrafnar eru gat
og innvolsið uppdráttur að morgundegi
líka í þessum sem krunkar
uppi á ljósastaur
lestu hann
með vasahníf og opinn munn
hjartað springur
eins og ber undir tönn
bragðið er svart

BÓNFEÐGAR

SÍMI
482 2327
848 2327
Gagnheiði 51
Selfossi

Þvottur
Djúphreinsun
Bón
Mössun

MotorMax
Smurþjónusta

Opnunartímar
Virka daga 07:45 til 18:00
Laugardaga 12:00 til 16:00
Engar tímapantanir!

Motormax er þjónustufyrirtæki í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á varahluti í alla bíla smurþjónustu og bílaþrif. Renndu við engar tímapantanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaþrif eða varahlutapantanir í síma 545 4040 og á: motormax@motormax.is

westfalia AUTOMOTIVE Brenderup MOTUL ABS MAPCO

Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

motormax@motormax.is

VILTU AUGLÝSA Í SUÐRA? AUGLÝSINGADEILDIN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA FRÁ KL. 9:00 – 17:00. AUGLÝSINGASÍMINN ER 578-1190